

# Móttökumiðstöð fyrir nýliða// Spurt og svarað

## Til hvers er móttökumiðstöð fyrir nýliða?

Móttökumiðstöðin er svar við ákalli stjórnenda um aukna aðkomu mannauðsfólks að aðlögun nýs starfsfólks. Sú þjónusta sem boðið er upp á byggir á niðurstöðum vinnustofu stjórnenda og mannauðsfólks frá því í mars 2019.

## Hvert er markmiðið með móttökumiðstöð?

Markmið með móttökumiðstöðinni er að halda betur utan um nýtt starfsfólk Landspítala og sjá til þess að öll fái sömu þjónustu á sínum fyrsta starfsdegi. Með þessu uppfyllum við einnig það markmið að nýliðar komi betur undirbúnir til starfa á sína starfseiningu og geta farið beint í sérhæft aðlögunarferli hjá sínum stjórnanda.

## Hvar er móttökumiðstöðin?

Móttökumiðstöðin er staðsett í Skaftahlíð 24, 105 reykjavík. Móttökumiðstöðin er á fyrstu hæð í norðurhúsi (húsið sem er fjær Miklubraut).

## Hvenær er móttökumiðstöðin opin?

Móttökumiðstöðin er opin milli 09:00 og 11:30 flesta virka daga. Á árstímum þegar mikið er um nýjar ráðningar á Landspítala, er móttökumiðstöðin líka opin eftir hádegi.

## Hversu langan tíma tekur þetta?

Áætlaður tími er rúmlega klukkustund ef allt gengur eftir áætlun.

## Hver boðar nýliða?

Nýtt starfsfólk fær sjálfkrafa boð um að mæta í móttökumiðstöðina á fyrsta starfsdegi, samkvæmt ráðningarsamningi. Forsenda þess er þó að ráðningarsamningur sé gerður með samningsforminu í Aski og samþykktur með rafrænum skilríkjum eða samningur sé prentaður út og skannaður inn aftur.

## Hvað með þá sem hafa ekki rafræn skilríki?

Ennþá verður hægt að prenta út pdf skjal og skrifa undir ráðningarsamning eins og áður og skanna hann síðan inn í samningsformið. Landspítali mælist þó til þess að allir verði sér úti um rafræn skilríki en það er bæði betra verklag ásamt því að vera umhverfisvænna.

## Hvað er gert í móttökumiðstöðinni

Í móttökumiðstöðinni býður starfsfólk Mannauðsdeildar nýliða velkomna til starfa. Boðið er upp á nýliðakynningu þar sem eftirfarandi fer fram: a) Nýliðafræðsla, b) aðgangsmál og kerfi, c) myndataka og auðkenniskort og d) viðtal hjá starfsmannahjúkrunarfræðingi þar sem farið er yfir bólusetningar og þörf fyrir frekari skimun.

## **Fyrir hverja er móttökumiðstöðin?**

Móttökumiðstöðin er fyrir allt nýtt starfsfólk Landspítala og mæta flestir sinn fyrsta dag í starfi áður en þeir mæta til vinnu á sína starfseiningu

## **Hvað með nema?**

Til að byrja með verða fara namar ekki í móttökumiðstöðina formlega. Aftur á móti hitta namar starfsmannahjúkrunarfræðinga sem hafa aðstöðu í móttökumiðstöðinni og fá auðkenniskort á sama stað.

## **Hvað með þau sem eru nú þegar byrjuð, mega þau mæta í móttökumiðstöð**

Það er alveg sjálfsagt. Bóka skal nýliða með því að senda okkur póst á [mottokumidstod@landspitali.is](mailto:mottokumidstod@landspitali.is)

## **Er hægt að breyta bókunartíma í móttökumiðstöðina?**

Já, það er gert með því að senda póst á [mottokumidstod@landspitali.is](mailto:mottokumidstod@landspitali.is). Við mælumst samt til þess að nýliði mæti í móttökumiðstöðina áður en viðkomandi mætir inn á sína starfseiningu.

## **Hvað með nýtt starfsfólk sem hefur áður unnið á LSH og á gamalt auðkenniskort?**

Gott er að mæta með gamalt auðkenniskort með sér og þá er metið hvort hægt sé að nota það áfram. Oftast er þó gert nýtt auðkenniskort með nýrri mynd.

## **Hvað með nýtt starfsfólk sem var að vinna á Landspítala fyrir einu ári, þurfa þeir að mæta aftur?**

Já. Allir nýliðar sem eru að hefja störf hjá Landspítala, óháð því hvort þau hafa unnið áður á Landspítala, þurfa að mæta í móttökumiðstöðina. Starfsumhverfi Landspítala er sífellt að breytast og gott fyrir alla að fara í gegnum smá upprifjun. Einnig eru aðgangsmál afgreidd í móttökumiðstöðinni ásamt því að nýliðar hitta starfsmannahjúkrunarfræðing sem metur hvort viðkomandi þurfi nauðsynlegar skimanir eða bólusetningar áður en mætt er á deild. Þetta er gert til að tryggja öryggi sjúklinga og annars starfsfólks. Undantekning frá þessu eru þau sem voru í starfi fyrir 3 mánuðum eða síðar.

## **Hvernig er greitt fyrir viðveruna í móttökumiðstöðinni ef nýliði er ekki á vakt á þessum tíma?**

Gert er ráð fyrir að nýtt starfsfólk sé bókað á morgunvakt þegar það mætir í móttökumiðstöðina. Annars er stimpilkukka á staðnum og getur viðkomandi stimplað sig inn og út úr móttökumiðstöðinni og þá er greitt eftir stimpilkukkunni.

## **Nú þurfum við nýliða nauðsynlega strax inn á deild, hvernig nálgumst við gögn og aðgangsmál?**

Við mælumst til þess að starfsfólk komi fyrst til okkar í móttökumiðstöð. Þetta er gert til þess að tryggja öryggi starfsfólks og sjúklinga. Við getum tekið á móti nýliða með litlum fyrirvara og því ættu öll að geta komið til okkar áður en mætt er á starfseininguna.

## **Hvernig kemst nýliði til og frá Skaftahlíð og hver greiðir ferðakostnaðinn?**

Nýliði mætir í móttökumiðstöðina á eigin vegum líkt og þegar mætt er til vinnu. Skutla Landspítala fer einnig í Skaftahlíðina frá Fossvogi og Hringbraut. Þanta þarf sérstaklega skutluna frá Skaftahlíðinni og getur starfsfólk móttökumiðstöðvarinnar aðstoðað nýliða við að koma sér yfir á rétta starfsstöð með skutlunni. Fari viðkomandi hins vegar á starfsstöð þar sem skutlan gengur ekki þá er það í höndum hvers og eins stjórnanda hvernig það er greitt.

### **Er gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða í Skaftahlíð?**

Já, mjög gott aðgengi er fyrir hreyfihamlaða í móttökumiðstöðinni.

### **Er nýliðinn búinn í aðlögun þegar þessi dagur er búinn?**

Nei. En viðkomandi hefur fengið góðan grunn og kynningu á Landspítala. Móttökumiðstöðin sér um hagnýt atriði sem og almenna kynningu á starfsemi spítalans. Nýliði þarf svo að fara í gegnum sérhæft aðlögunarferli á sinni starfseiningu og kynnast nánar nýju starfi, samstarfsfólki og vinnuumhverfi.

### **Má nýliði koma þó ekki sé búíð að undirrita ráðningarsamning?**

Nei, forsenda þess að fá bókun í móttökumiðstöðina er að það sé til staðar samþykktur ráðningarsamningur sem útbúinn er í Aski.

### **Hvað með þau sem byrja á kvöldvakt/næturvakt?**

Nýliði fær boð um að mæta í móttökumiðstöð að morgni fyrsta dags skv. ráðningarsamningi. Því mælumst við til þess að fyrsti starfsdagurinn sé morgunvakt. Ef fyrsti starfsdagur er helgar- eða kvöldvakt þá mætir viðkomandi til okkar annaðhvort um morgun, samdægurs (kvöldvakt virka daga) eða á föstudegi (helgarvakt).

### **Þarf nýliði að mæta í allt í móttökumiðstöðinni eða er nóg að koma bara í myndatöku?**

Starfsfólk móttökumiðstöðvar fer í gegnum allt ferlið með nýju starfsfólki og sér til þess að öll fái sömu þjónustu á sínum fyrsta starfsdegi. Ekki nóg að áætla að nýtt starfsfólk mæti einungis í myndatöku fyrir auðkenniskort.

### **Hvað ef nýliði kemst ekki á móttökumiðstöðina sinn fyrsta starfsdag? Má viðkomandi koma daginn eftir eða jafnvel eftir mánuð?**

Komist nýtt starfsfólk ekki fyrsta starfsdaginn sinn í móttökumiðstöðina skal stjórnandi eða nýliði sjálfur hafa samband við starfsfólk móttökumiðstöðvar mottokumidstod@landspitali.is og fá nýjan tíma. Mælt er með því að allir nýliðar komi á móttökumiðstöðina áður en mætt er til starfa á Landspítalanum, með því gætum við að öryggi sjúklinga og starfsmanna.

### **Hvað gerir nýliði eftir að dagskrá móttökumiðstöðvar lýkur?**

Eftir komu á móttökumiðstöðina mætir viðkomandi á sína starfseiningu þar sem sérhæfð aðlögun fer fram nema stjórnandi hafi takið annað fram í upphafi ráðningar.

### **Nýliði mætir á móttökumiðstöð fyrir hádegi og fer síðan á kvöldvakt kl. 15:30. Á viðkomandi að taka stutta vakt? Þ.e. fara móttökutímarnir upp í vaktina?**

Nýtt starfsfólk útfærir þetta með sínum stjórnanda. Við mælumst til þess að nýliðar mæti á morgunvakt á fyrsta degi og byrji daginn hjá okkur.

### **Hvað ef nýliði byrjar um helgi?**

Eigi nýliði að hefja störf um helgi mælt með því að viðkomandi mæti í móttökumiðstöðina í vikunni áður. Best er að haga því þannig að fyrsti dagur ráðningar lendi ekki á helgi, heldur á virkum degi. Mikilvægt er að búíð sé að ganga frá ráðningunni áður en nýliðinn mætir.

## Mun móttökumiðstöðin bjóða upp á frekari þjónustu en hún gerir nú í upphafi?

Þjónusta sem móttökumiðstöðin býður upp á byggir á vinnustofu sem haldin var með stjórnendum og mannauðsfólki. Nú þegar móttökumiðstöðin hefur opnað mun koma í ljós hvar við getum bætt við okkur og komið enn betur til móts við þarfir stjórnenda og nýs starfsfólks. Við vonumst til þess í framtíðinni að geta bætt þjónustuna enn frekar og bætt við meiri fræðslu til starfsfólks.

Hafir þú tillögur að bættri þjónustu eða fleiri spurningar endilega sendu okkur línu á [mottokumidstod@landspitali.is](mailto:mottokumidstod@landspitali.is)

